

**GJALDSKRÁ**

**2012**



**REYKJANESHÖFN**

**Gildir frá 1. janúar 2012.**



REYKJANESHÖFN

## **G J A L D S K R Á** **Reykjaneshafnar.**

### **Almenn ákvæði.**

1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Reykjaneshöfn er sett skv. heimild í 19. grein hafnalaga nr. 61/2003.

Gjaldskráin er við það miðuð að Reykjaneshöfn geti haft nægar tekjur til þess að standa undir rekstri hafnar sbr. 5. tölulið 3. gr. hafnalaga.

### **Um gjaldtöku tengda stærð skipa.**

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttóntonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða hafnagjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

### **Skipagjöld.**

4. gr.

#### ***Lestagjöld:***

Af öllum skipum skal greiða lestagjald kr. 13,55 á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftár en tvisvar í mánuði.

#### ***Bryggjugjöld.***

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða eftirfarandi: Skip minni en 20.000 BT kr. 6,45 á mælieiningu skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið. Skip stærri en 20.000 BT kr. 8,40 á mælieiningu skv. 2.gr. fyrir hverja 24 tíma, sem skip liggur bundið.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 89,00 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 9.620 á mánuði. Bátar minni en 20 BT greiði þó aldrei lægra en kr. 5.920 á mánuði, og lágmark 3.985 við komu og viðlegu allt að 7 daga.

Heimilt er að leggja allt að fimmföld bryggjugjöld á skip og báta sem liggja um lengri tíma við bryggju og hafa verið án haffærisskírteinis í a.m.k. 6 mánuði.

Heimilt er að leggja þreföld bryggjugjöld á skip og báta sem óska eftir langtíma viðlegu vegna annarrar starfsemi en útgerðar.

Gjald fyrir einkaleigu við flotbryggjur í Gróf er kr./ár 94.290 eða kr./mán. 13.455 og er veittur 50% afsláttur fyrir frístundabáta í eigu 70 ára og eldri.

Lágmarks gjald fyrir komu í gestapláss er kr./dag 3.900.



REYKJANESHÖFN

### Vörugjöld.

#### 5. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

#### 6. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

#### 7. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir, eins og fiskikör, tómir gámar ofl., sem endursendar eru.
- b) Olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d) Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

#### 8. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té afrit af farmskrá.

Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurlíðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

#### 9. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

#### Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 260,00 pr. tonn:  
Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. fl.: Gjald kr. 501,50 pr. tonn:  
Lýsi og fiskimjöl.
3. fl.: Gjald kr. 527,50 pr. tonn:  
Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávararafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda, pökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir.



REYKJANESHÖFN

4. fl.: Gjald kr. 1.447,90 pr. tonn:

Aðrar vörur, sem ekki eru tilgreindar í 1. – 3. fl.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi.

5. fl.: Gjald 1,6%.

Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.

Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis.

Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.

Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjalðið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess.

Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Hámarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 6.180 fyrir hvert tonn.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 206 er fyrir hvert tonn.

### **Farþegagjald.**

10. gr.

Farþegagjald skal tekið við komu og brottför farþega um Reykjaneshöfn. Gjaldtaka hefst síðar.

### **Lóðagjöld og lóðarleiga.**

11. gr.

Almenn regla:

Lóðagjöld eru kr. 5.500 á m<sup>2</sup> lóða á atvinnusvæðum í Helguvík, og kr. 8.300 á m<sup>2</sup> lóða í Helguvík, sem skilgreindar eru undir hafnsækna starfsemi, miðað við byggingarvísitölu 559,3 í des. 2011. Fjárhæðir breytast miðað við byggingarvísitölu á hverjum tíma. Grófjöfnuð lóð með kjarna úr Helguvík og 60 cm undir gólfkóta. Gatnagerðargjöld innifalin, en ekki byggingarleyfisgjöld sem greiðast hjá byggingarfulltrúa Reykjaneshöfnar.

Lóðarleiga skal vera 2% af lóðarmati hvorrar lóðar eins og það er ákveðið 1. janúar ár hvert, en þó að lágmarki kr. 78,49 per m<sup>2</sup> skv. bygg.vísitölu desember 2011 (559,3 stig) af atvinnulóðum í Helguvík, og lágmarksfjárhæð breytist miðað við byggingarvísitölu á hverjum tíma.

Frávik frá reglu þessari byggist á sérstöku samkomulagi við stærstu lóðarhafa.



## REYKJANESHÖFN

### Hafnsögugjöld.

12. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a) Fyrir leiðsögu til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi kr. 3.092 fyrir hvert skip, auk 5,10 fyrir hvert brúttótonn. Fyrir leiðsögu frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
- b) Fyrir leiðsögu um höfnina skal greiða hálf gjald samkvæmt lið a.

### Þjónusta dráttarbáts.

13. gr.

Fluttur hafnsögumaður, fast gjald kr. 22.100,00.

Tímagjald fyrir aðstoð dráttarbáts miðast við stærðarflokk skips:

Skip 0 – 2.500 BT kr. 30.770. Skip 2.500 – 5.000 BT kr. 37.190.

Skip 5.000 – 18.000 BT kr. 51.360. Skip 18.000 – 30.000 BT kr. 69.455.

Gjaldskráin gildir fyrir bátinn með áhöfn alla daga, allan sólarhringinn.

Lágmarkstími fyrir aðstoð er 1 klst.

Þegar dráttarbátur flytur hafnsögumann og aðstoðar einnig skipið, fellur fast gjald fyrir flutning hafnsögumanns niður.

### Festargjöld

14. gr.

Festargjald fyrir hverja afgreiðslu með einum manni er kr. 12.200. Séu notaðir fleiri en einn maður við afgreiðslu er gjald fyrir hvern aukamann kr. 12.200.

### Öryggisgjald.

15. gr.

Gjaldtaka Reykjaneshafnar sbr. Lög um siglingavernd nr. 50/2004 vegna kostnaðar við verndun skipa.

Öryggisgjald: Fast gjald kr. 34.300 fyrir komu hvers skips.

Öryggisgæsla: Fast gjald kr. 3.855 fyrir hvern öryggisvörð á klst. í dagvinnu.

Fast gjald kr. 6.993 fyrir hvern öryggisvörð á klst. í yfirvinnu.

### Vatns-, rafmagns- og löndunarkranagjöld.

16. gr.

Vatnsgjöld:	Kalt vatn	kr./m <sup>3</sup>	252
	Heitt vatn	kr./m <sup>3</sup>	433
	Kalt vatn smábáta per. löndun		126
Rafmagnssala:	Rafmagnsnotkun	kr./kwst.	12,80
	Rafmagnsmælaskilagjald	kr./mælir	36.500
	Yfirvinnuútkall vatns- og rafmagnafgreiðslu	kr./klst.	4.760

Löndunarkranagjald smábáta kr./löndun | 711 |

Hámarksgjald löndunarkrana kr./mán. | 7.110 |



## REYKJANESHÖFN

### Vogargjöld.

17. gr.

Almenn vigtun	kr./tonn	160
Skráningargjald fyrir skráningu í Gafli	kr./tonn	160
Lægsta gjald fyrir einstaka vigtun afla	kr./vigtun	950
Lægsta gjald fyrir vigtun vöru/tækja	kr./vigtun	1.035,85
Vigtar- og skráningargjald Fiskmarkaðs	kr./kg.	0,25
Yfirvinnuútkall eftir kl.17 og um helgar	kr./klst.	4.760

### Sorphirðugjöld.

18. gr.

Skip minni en 10 BT	kr./mán.	625
Skip 10 – 100 BT	kr./mán.	2.485
Skip stærri en 100 BT	kr./mán.	4.957
Sorpeyðingargjald er innifalið í ofangreindum verðum.		
Sorplosun stærri skipa:		
Sorplosun við skipshlið	kr./ferð	6.730
Sorpeyðingargjald	kr./kg.	23,30

### Ísafgreiðslugjöld.

19. gr.

Íssala til báta og fiskverkunar	kr./kg.	4,00
Íssala í körum 460 lítra kar	kr./kar	1.167
Íssala í körum 660 lítra kar	kr./kar	1.563
Íssala í körum 1000 lítra kar	kr./kar	2.340
Akstur á ís í körum	kr./kar	580
Yfirvinnuútkall ísafgreiðslu	kr./klst..	4.760
Lágmarksútkall 4 klst. eftir kl. 17 og um helgar.		

### Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

20. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar.

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

21. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til Reykjaneshafnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt við komu til hafnar að gefa hafnarstjóra upplýsingar um skipið í samræmi við ákvæði 5. mgr. 33. gr. reglugerðar nr. 326/2004 um hafnamál og afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess vegna ófullnægjandi upplýsinga frá skipstjóra, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda áfallinna gjalda.



## REYKJANESHÖFN

Áfallin gjöld skal greiða áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

### 22. gr.

Vörugjald greiðist af öllum vörum sem eru affermdar, afhentar eða fluttar, eða á annan hátt sjóleiðis eða landleiðina, inn fyrir mörk hafnarinnar. Vörugjaldið reiknast skipi til skuldar áður en skip hefur siglingu, nema annað sé sérstaklega um samið. Vörugjald er á ábyrgð farmflytjanda og er afhending vörur án greiðslu vörugjalds á hans ábyrgð.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrir en gjaldið er greitt.

### 23. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má ávallt tryggja með aðför að undangengnum dómi.

Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða váttryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Reykjaneshöfn er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu áfallinna gjalda ef ástæða þykir til.

### 24. gr.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts. Reykjaneshöfn er skylt að innheimta virðisaukaskatt af öllum gjöldum í gjaldskrá þessari, sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Undanskilin eru erlend fiskiskip og farskipum er sigla til útlanda.

## Gildistaka.

### 25. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Reykjaneshöfn er samþykkt af hafnarstjórn þann 07. desember 2011, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004.

Gjaldskráin öðlast gildi þann 1. janúar 2012 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Reykjaneshöfn frá 01. janúar 2011.

Reykjanesbær, 07. desember 2011.

Pétur Jóhannsson, hafnarstjóri.